



Kisan mìn





1 2 3 4 5

Þessi bók er í 1. flokki samkvæmt
þyngdarflokkin Menntamálastofnunar,
sjá *Listi yfir lestrarbækur* á vefsíðu.



Í rauðu húsi við Dúfugötu 6,
býr Daði. Í gulu húsi á móti,
býr Auður vinkona hans.
Daði og Auður eru bæði 8 ára.
Þau eru góðir vinir.

Daði fór yfir götuna til Auðar.
Hann var með nammi í dós.
Auður kom út í dyr
þegar hún sá hann.

– Hæ, Auður, ég á nammi
í dós, sagði Daði.

Dósin var rauð með gulum rósum.

– Fáðu þér nammi, sagði Daði og bauð Auði.


– Takk, sagði Auður og tók rauðan mola úr dósinni.


Hann var dísætur og góður.

Daði tók líka rauðan mola úr dósinni.

Nú kom Dídó út í dyr.

Dídó er kisan hennar Auðar.





– Dídó mín, inn með þig, sagði Auður.
Þú mátt ekki lauma þér út.
Ég vil ekki týna þér.

En Dídó laumaði sér út á meðan
Daði og Auður voru að tala saman.

– Það er laugardagur í dag,
sagði Daði. Við pabbi erum
að fara í Dalalaug.

Ég vil æfa mig í að kafa.


Getur þú komið með?


– Ef ég má, bíddu, sagði Auður
og fór inn.

- Ég má fara, sagði Auður þegar hún kom út með dótið sitt.
- Nú förum við í Dalalaug, sagði pabbi Daða.


Þegar þau voru að aka út Dúfugötu sá þau kisu fara yfir götuna. Hún var með rauða ól.

- Þessi kisa er lík Dídó, er það ekki?
- Jú-ú, dálítið, sagði Auður. En þetta getur ekki verið Dídó.





Í Dalalaug var gaman að vera.
Þau fóru að renna sér
og þau fóru að kafa.
Pabbi fór í gufu á meðan
Daði og Auður voru úti í laug.
En nú var kominn tími til að fara.
– Upp úr núna, sagði pabbi.
– Sé ykkur úti í bíl, sagði Auður.



Þegar Daði og Auður komu út
sá þau Daníel með kisu.
Hann var að fara með hana
inn til sín.

Auður sá að þetta var Dídó.
– Daníel, ég á þessa kisu,
ekki taka hana.
– Nei, þetta er kisan mín,
sagði Daníel og lokaði dyrunum.

Auður var aum og dauf.
Nú voru góð ráð dýr.



Auður og Daði fóru að dyrunum.
Mamma Daníels kom til dyra.

- Góðan dag, sagði Auður.
- Góðan dag, sagði konan.
- Daníel tók kisuna mína
og fór með hana inn, sagði Auður.
- Það getur ekki verið, sagði konan
og náði í Daníel.

- Ég fann þessa kisu og þá á ég hana, sagði Daníel.
- Nei, náðu í kisuna, sagði mamma.
- En ég er búinn að týna henni.
- Daníel Auðunsson! Það er ekki satt.

Daníel var daufur en náði í Dídó.

- Ég bið þig að fyrirgefa mér, sagði Daníel við Auði.
- Já, það geri ég, sagði Auður og fór sæl með kisuna sína.



Notkun

Áður en barnið les textann

Æskilegt er að barnið sé hvatt til að skoða myndirnar vel og velta fyrir sér sögunni út frá þeim. Þetta ættu kennari/foreldri og barn helst að gera saman. Neðst á blaðsíðunum eru spurningar sem styðjast má við.

Miðað er við að barnið hafi ekki lært alla bókstafina og er textinn því afar einfaldur en myndunum er ætlað að dýpka hann og gæða söguna lífi. Þá gefst einnig tækifæri til að kynna orð sem verða á vegi barnsins og auðvelda því lesturinn.

Á meðan lesið er

Ef barnið er mjög hæglæst getur verið hvetjandi fyrir það að fullorðinn hefji lesturinn og lesi t.d. fyrstu blaðsíðuna, jafnvel aðra hverja blaðsíðu eða aðra hverja línu til að barnið gefist ekki upp og njóti þess að ljúka við að lesa bók.

Eftir lestur textans

Mikilvægt er að ræða betur það sem kom fram, spyrja spurninga úr textanum og ganga úr skugga um lesskilning. Þá getur verið skemmtilegt að fara í orðaleiki, finna tiltekin orð í bókinni, telja hvað þau koma oft fyrir, finna orð sem ríma, falleg orð, skráttin orð, orð sem merkja það sama o.s.frv.

Kiðan mín

Lestrarbók 13b

ISBN 978-9979-0-2288-6

© Arnheiður Borg og Sigrún Löve

© teikningar Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson

Ritstjórn: Elín Lilja Jónasdóttir

1. útgáfa 2018

Menntamálastofnun

Kópavogi

Umbrot: Menntamálastofnun

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja



Listin að lesa og skrifa



Lestrarkennsluefnið *Listin að lesa og skrifa* er fyrir byrjendur í lestri og byggist fyrst og fremst á hljóðaaðferð. Efnið skiptist í fjórar vinnubækur, litlar lestrarbækur, örbækur, lestrarspil, kennsluleiðbeiningar og verkefni á vef.

Í þessari bók eru bókstafirnir *d* og *au* sérstaklega æfðir.

Höfundar eru Arnheiður Borg og Sigrún Löve.
Teikningar gerði Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson.

